

Greiðslur til framleiðenda

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

Lágmarksverð mjólkur, sem greitt er til mjólkurframleiðenda fyrir mjólk framleidda innan greiðslumarks, er ákvarðað af verðlagsnefnd búvöru í samræmi við 8. Gr. Búvörulaga númer 99/1993 (með síðari breytingum). Verðið skal „...miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi..“ sem hefur miðast við meðaltal fitu- og próteininnihalds mjólkur síðastliðin þrjú verðlagsár, hverju sinni. Gæðakröfur sem miðað er við mat á 1. flokks mjólk eru skýrðar í sérstökum kafla síðar í ársskýrslu SAM. Afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er skylt að greiða framleiðendum minnst lágmarksverð fyrir þá mjólk sem tekið er á móti innan greiðslumarks hverju sinni.

Fyrir utan tekjur vegna sölu mjólkur til afurðastöðva fá mjólkurframleiðendur beingreiðslur samkvæmt samningi ríkis og bænda um starfsskilyrði nautgripæræktar.

GREIÐSLUR AFURÐASTÖÐVANNA

Lágmarksverð fyrir 1. flokks mjólk innan greiðslumarks tekur breytingum eftir samþykktum verðlagsnefndar búvöru og ef breytingar verða á skilgreindu efnainnihaldi í upphafi hvers verðlagsárs. Frá 1. desember 1993 hafa afurðastöðvar greitt framleiðendum eftir efnainnihaldi mjólkur. Allt til loka ársins 2013 var 25% greiðslu miðað við fituinnihald og 75% miðað við próteininnihald meðalmjólkur, en frá 1. janúar 2014 hafa greiðslur skipts jafnt á milli efnapátta mjólkur, 50% fyrir fitu og 50% fyrir prótein.

Greiðslum lágmarksverðs er skipt milli efnapátta á einingar samkvæmt skilgreindu efnainnihaldi mjólkur. Lágmarksverð mjólkur og skipting þess á efnapætti, frá árinu 2013, eru sýnd í töflu 10.

Tafla 10. Lágmarksverð mjólkur og breytingar þess frá árinu 2012; Lágmarksverð og verð á efnapætti:

Gildir frá	Skýring	Lágmarksverð krónur / lítra	Viðmiðunarmjólk		Verð á efnapátt		Verð á einingu	
			Fita	Prótein	Fita	Prótein	Fita	Prótein
1.1.2013	Ný viðmiðunarmjólk	80,43	4,11%	3,32%	20,1075	60,3225	4,8924	18,1694
1.10.2013	Hækkun verðs	82,92	4,11%	3,32%	20,7300	62,1900	5,0439	18,7319
1.1.2014	Ný viðmiðunarmjólk og breytt verðhlutföll	82,92	4,12%	3,33%	41,4600	41,4600	10,0932	12,4505
1.1.2015	Ný viðmiðunarmjólk	82,92	4,10%	3,30%	41,4600	41,4600	10,1123	12,5636
1.8.2015	Hækkun verðs	84,39	4,10%	3,30%	42,1950	42,1950	10,2915	12,7864
1.1.2016	Ný viðmiðunarmjólk	84,39	4,09%	3,30%	42,1950	42,1950	10,3166	12,7864
1.7.2016	Hækkun verðs	86,16	4,09%	3,30%	43,0800	43,0800	10,5330	13,0545
1.1.2017	Ný viðmiðunarmjólk og hækkun verð	87,40	4,10%	3,30%	43,7000	43,7000	10,6585	13,2424

GREIÐSLUR FYRIR MJÓLK SEM FRAMLEIDD ER UMFRAM GREIÐSLUMARK

Mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark og er unnin af afurðastöðvum skal samkvæmt Búvörulögum markaðsfærð erlendis á ábyrgð afurðastöðvar og framleiðanda. Greiðslur afurðastöðva fyrir mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark eru því háðar ákvörðun afurðarstöðva hverju sinni.

Þann 28. mars 2014 gaf stjórnarformaður Auðhumlu svf þá yfirlýsingu að félagið myndi greiða fullt afurðastöðva-
verð fyrir alla innvegna mjólk árið 2015. Í mars 2015 ákvað Auðhumla að greiða fullt verð fyrir alla mjólk árið
2016. Sú ákvörðun var í gildi til 1. apríl 2016 þegar stjórn Auðhumlu samþykkti nýja aðferð við verðlagningu
umframmmjólkur.

Gildandi verð vegna umframmmjólkur hjá Auðhumlu frá 2012 til 30.6.2016, eru birtar í töflu 11.

Tafla 11. Verð Auðhumlu svf fyrir umframmmjólk frá 1. september 2011:

Verð gildir frá	Innan 2% marksins	Umfram 2%
1. mars 2012	42,00 kr/ltr	36,00 kr/ltr
1. júní 2012	37,50 kr/ltr	32,50 kr/ltr
1. september 2012	38,00 kr/ltr	33,00 kr/ltr
1. apríl 2013	42,00 kr/ltr	36,00 kr/ltr
1. júlí 2013	47,00 kr/ltr	42,00 kr/ltr
30. september 2013	82,92 kr/ltr	82,92 kr/ltr
1. ágúst 2015	84,39 kr/ltr	84,39 kr/ltr

Eftir samþykkt stjórnar Auðhumlu 1. apríl 2016 er reiknað fullt verð á umframmmjólk miðað við efnainnihald og
gæðaviðmið; en síðan er innheimta gjald af hverjum lítra umframmmjólkur eftir því sem stjórn teldi nauðsynlegt
vegna markaðsaðstæðna. Á sama fundi var ákveðið að frá 1. júlí 2016 yrði innheimt gjald að upphæð 20 kr/lítra
á alla mjólk umfram greiðslumark. Síðar var ákveðið að innvigtunargjald yrði 35 kr/lítra frá 1. janúar 2017 og 20
kr/lítra frá 1. febrúar 2017.

GREIÐSLUR RÍKISSJÓÐS

Í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar er tiltekið hve háar fjárhæðir verða greiddar til stuðnings
mjólkurframleiðslu á hverju verðlagsári. Heildarfjárhæðir beingreiðslna ríkisins eru fastar upphæðir á hverju
verðlagsári samningstímans óháð heildargreiðslumarki. Af því leiðir að hækki greiðslumark þá lækka beingreiðslur
á lítra, því sami stuðningur dreifist á fleiri lítra. Samkvæmt reglugerð nr. 2016/2015 var greiðslumark
verðlagsársins 2016 alls 136 milljónir lítra og beingreiðslur samtals 5.521,8 milljónir króna. Meðalbeingreiðsla
verðlagsársins 2016 er því 40,60 kr/ltr. Beingreiðslur eru þó ekki greiddar jafnt á hvern lítra, en dreifing þeirra
vegna ársins 2016 var ákvörðuð með reglugerð númer 2016/2015, sem birt var sem viðhengi við ársskýrslu SAM
2015.

Með nýjum samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar breytist stuðningur við mjólkurframleiðsluna. Nýir
samningar Bændasamtaka Íslands og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Fjármála- og efnahagsráðherra
fyrir hönd ríkissjóðs um almenn starfsskilyrði landbúnaðar og um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar voru
undirritaðir 19. febrúar 2016. Samningarnir ásamt reglugerð 1150/2016 um stuðning í nautgriparækt eru birt
sem viðhengi við ársskýrslu SAM 2016.

VIÐMIÐUNARMJÓLK

Efnainnihald viðmiðunarmjólkur er meðalefnainnihald í mjólk á landinu síðustu þrjú verðlagsár. Ný viðmiðunarmjólk reiknast í upphafi hvers verðlagsárs og gildir fyrir það ár. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur verðlagsárið 2016 var 4,09% fita og 3,30% prótein.

ÞRÓUN Á LÁGMARKSVERÐI TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

Í eftirfarandi töflu er sýnt verð til framleiðenda 1. september síðustu 11 ár, miðað við mjólk með 4,2% fitu og 3,4% prótein að meðaltali. Verðið var 82,67 kr/lítra 1. september 2005 og 129,22 kr/lítra 1. september 2016.

Tafla 12. Verð til framleiðenda á lítra af mjólk með 4,2% fitu og 3,4% próteini pr. 1. sept. ár hvert 2005 – 2016.

Greiðsla	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Afurðastöðvaverð á lítra	46,76	49,79	65,37	72,59	72,59	79,20	82,32	84,87	84,60	86,70	88,62
Beingreiðsla á lítra*	34,29	34,31	37,36	37,94	42,59	45,07	45,07	45,75	43,73	39,55	40,60
Verð alls á lítra	81,05	84,10	102,73	110,53	110,53	124,27	127,39	130,62	128,33	126,25	129,22

*Meðalbeingreiðsla á lítra á ársgrunni á verðlagi viðkomandi árs.